

Bragi Ásgeirsson:

# Rabb að lokinni Listahátíð

Nokkrar vikur eru liðnar síðan Listahátíð lauk og verður að segjast, að mikið er Reykjavík nú risminni en þá minnisstaðu daga. Það var vel til fundið að flagga í miðborginni frá því að miðasala hófst á hin ýmsu dagskráratríði hátíðarinnar, — setti þetta lifandi og skemmtilegan sparisvip á miðborgina og er þess ekki vanþörf svona öðru hvoru yfir sumarmánuðina, því að fólk örvast til hátíðarskaps við að líta fánana, verður léttara í skapi, roði færast í kinnar og glampi í augu...

— Eins og að líkum lætur vakti hlutur Erró mikla athygli enda langsamlega best tíundaður í fjölmöldum auk þess sem langt var umliðið frá því að hann sýndi hér síðast og frægð hans hafði mjög aukist á tímabilinu. Er mér tjáð að bílastæði Kjarvalsstaða hafi strax og sýningin opnadi dag hvern verið þakið bifreiðum enda var aðsóknin ein sú mesta á þennan stað fram til þessa — en engar tölur hef ég handbærar um það, og þar sem ekki eru komnir teljarar við innganginn, og lítt hugsað fyrir þeim í upphafi, — verður ekki úr því skorið. Álitt. t.d. sumir aðsóknina á yfirlits-sýningu Halldórs Péturssonar eiga metið og nefna 13 þúsund á 10 dögum.

Ég hafði ætlað mér að rita frekar um þessa sýningu, en þar sem brottför Erró bar svo skyndilega að og ég naut þess ekki að vera með honum í ró og næði eins og ég átti þó von á — náði ég ekki að fá skorið úr ýmsum vangaveltum mínum um sýninguna er fast sóttu að. Hafði ég hug að fá hjá honum ýmsar upplýsingar í sambandi við eigin útskýringar hans á myndum í sýningarskrá og ýmislegt sem mér virtist orka tvímælis og meðtók ekki til fulls í birtum viðtölum við hann í dagblöðum. Verður það að bíða betri tíma.

Margt óvænt kom fram í sambandi við þessa sýningu — átti ég t.d. hált í hvoru von á að einhverjir fengju taugaáfall á sýningunni og hlýpu í blöðin fullir vandlæti — reynsla var fengin fyrir slíku frá kvikmyndahátíðinni sællar minningar, er tiltölulega saklaus japönsk ástarlífsmynd var tekin úr umferð en óhóflega gróf mynd fékk að ganga allan tímann! Var ég satt að segja brynjaður í ritdeilur og hafði sett á mig hjálminn — en ekkert gerðist — ég sá hvergi vandlæt-ingarorð né setningu í rabbdálkum dagblaðanna né lesendabréfum og hafa margir furðað sig á slíku og ymprað á því við mig. Flestir muna t.d. hávadanann í kringum „Vorleik“ Stefáns frá Möðrudal hér um árið er lög-reglan skarst í leikinn á Lækjartorgi — var þó um mjög ósaknæma og saklausa mynd að ræða miðað við sumt á sýningu Erró. En þetta staðfestir enn einu sinni það forna orðtak að eitt er að heita Jón en annað séra Jón. Ég tel það gefið, að viðbrögðin hefðu orðið allt önnur ef að um annan myndlist-armann og ófrægari hefði verið að ræða og er ekki einn um þá skoðun.

Áberandi var hve miklu meira líf var á kaffistofu hússins þessa daga sem sýningin stóð yfir — skyndilega var kominn þéttur gróður á „Góbfeyðimörkina“ líkt og ég hef leyft mér að nefna staðinn á stundum enda sést þar

varla nokkur sála dags daglega. Þetta kallaði fram nýjan brag á staðinn og ólíkt líflægri. Þó er ljóst að aðkallandi eru miklar breytingar hér á, því eins og kaffistofan er hönnuð er t.d. erfitt að koma við skipulegri þjónustu í mikilli órtröð.


Eftir gaumgæfilega skoðun sýningarinnar og ótal yfirferðir undraði mig mjög hve ameríska neyzluþjóðfélagið fær rifan skerf af háði og gagnrýni Erró svo og ýmsar umdeilanlegar hernaðaraðgerðir frá þess hendi í spilltum heimi — slíkt getur verið gott og blessað — og þörf ádeila, en um leið vaknar sú spurning hvort ekki hefði verið skarpari broddur í ádeilunni ef austrið og vestrið hefðu hlotið hér hlutfallslega jafnan skerf.

Umtalsvert er að Listasafn Íslands sýndi að mér vitandi ekki áhuga á að festa myndir né mun hafa leitað eftir að fylla í gamlar eyður, og jafnvel Reykjavíkurborg leitaði ekki viðskipta og mun hún þó hafa verið ábyrg fyrir Listahátíðinni að þessu sinni. Hins vegar gerðust bæjarfélögin Kópavog-

ur, Keflavík og jafnvel Bolungarvík kaupendur að myndum (í síðasta tilvikinu getur það hafa verið einstaklingur). Erró sýndi hér í boði „Listahátíðar“ en þó virtist stjórnendum hennar hafa láðst að sinna mikilvægu framkvæmdaratriði sem var að tryggja einhvern ábyrgan aðila gagnvart sölu mynda og greiðslum fyrir þær, en því fylgir jafnan mikið umstang, einkum ef greiðslur eru samkomulagsatriði og samningsbundnar — en sjálfur vildi listamaðurinn ekki koma nálægt slíku vafstri, sem er meir en skiljanleg afstaða. Hér af mætti verða nokkur lærdómur.

Erró fór ekki varhluta af því, sem útlendum þykir einna lakast á háttum Íslendinga þurfi þeir þá ekki beinlínis að hagnast á því sjálfir, og á ég þá við ofmat og átroðslu. Sumum erlendum er lagið að gera sér mat úr slíkri árátta Íslendinga og hagnýta sér rækilega en henda svo gaman að þessari reynslulitlu eybjóð þegar heim er komið.

Ég býst við að Erró hafi haft lúmskt gaman af þessu öllu



Guðmundur Guðmundsson — Erró. (Ljós. Mbl. Ól. K. Magnússon).



Þetta þótti mér „ljósmynd Listahátíðar“. Hér er Viatoslav Rostropovitch mættur til leiks, — brosandí, galvaskur með sellókassann sinn á hjólum. Persónugerfingur snilldarinnar er treystir á eigin mátt og megin. Hér eru engin 20 tonn af hjálpartækjum í farangrinum né 15–20 aðstoðarmenn! Einungis reffilegur og kímínleitur stórsníllingur. (Ljós. Tíminn G.E.)

a.m.k. er komið var aftur til Parísar og síðan, er hann hefur notið þess að hvílast í húsi sínu á Formentera.

Þessi nafntogaði listamaður er sannarlega margt góðs maklegur og vafalítið hefur ekki annar Íslendingur komist inn í jafn margar uppláttar- og listaverkabækur og hann.

— Það vakti athygli mína og undrun er ég las sem feitletrað í ritinu Icelandic Review: „að enginn Íslenzkur listamaður eftir Thorvaldsen hefði náð jafn mikilli frægð sem Erró“. (No Icelandic artist since Thorvaldsen has had a greater international reputation than Erró). Hér sá ég í fyrsta sinn Thorvaldsen alislenzkaðan sem listamann! Trauðla getum við þó rætt og ritað um Thorvaldsen sem íslenzkan listamann vegna þess að hann var af íslenzku bergi brotinn í föðurætt — átti íslenzkan föður með hagleiksæðar aftur í ættir. Vísast hefði farið fyrir honum líkt og svo mörgum íslenzkum hæfileikamönnum, t.d. Sæmundi Hólm o.fl. ef hann hefði þurft að reiða sig á landa sína og skulum við því varast að hreykja okkur hér hátt á stall. Við höfum lítið sem ekkert gert til að heiðra minningu þessa manns nema það að ágætur mannúðarfélagsskapur hér starfar undir hans virðulega og viðfræga nafni.

Hér getum við gjarnan leitt hugann að því hve það hefur verið mörgum íslenzkum myndlistarmönnum á þessari öld lán til úrslita á listabraitinni að geta á einhvern hátt hazlað sér völl erlendis. Má nefna í lauslegri upptalningu Jón Stefáns-son, Guðmund Thorsteinsson (Mugg), Jón Engilberts, Svavar Guðnason, Ólöfu Pálsdóttur, Maríu H. Ólafsdóttur, Tryggva Ólafsson o.fl. í Danmörk. Nínu Tryggvadóttur í París og New

York, Louise Matthíasdóttur í New York — Erró á Ítalíu og í París, Jóhann Eyfells í Orlando Florida (er þar prófessor í skúlptúr) og nú síðast ungu mennirnir í Amsterdam Hreinn Friðfinnson, Kristján og Sigurður Guðmundssynir svo og Þóroddur Ben. Sveinsson í Düsseldorf. Þá bjó Þorvaldur Skúlason lengi erlendis fyrir seinni heimsstyrjöldina og hér mætti vafalítið nefna marga fleiri. Vissulega væri listasagan önnur ef allt þetta fólk hefði orðið að vera upp á náð landa sinna komið eingöngu...

Það mun hafa snert hinar fínu taugar þeirra er telja sig þess umkomna að flokka listamenn og skipa sjálfa sig yfirmatsmenn á því sviði hve mikið Erró var hampað hér og undirrituðum jafnvel borin aðalsök þar á! — Ekki tel ég þetta allskostar rétt, en vafalítið mun ég einn af þeim er ýttu snjóboltanum af stað. En hví mátti ekki hampa þessum alislenzka listamanni er mun eiga það eitt erindi á íslenzka sendiráðið í París einu sinni á ári, að framlengja vegabréfi sínu? ... — Ekki hefur hann reynt að troða öðrum um tær hérlendis um dagana, þótt þeir gefu honum gjarnan langt nef í fjarlægð hans. Menn verða að gangast við þeirri staðreynd, að listamenn koma fram sem bylta hefðum og ríkjandi gildismati — láta vaða í súdum, og að mannheimar þróast ekki til einnar áttar og allrasízt á sviði lista og leiðandi hugverka.

— Ég sannfærðist um að fólk hafði almennt óblandna ánægju af sýningu og heimsókn Erró þótt ýmsir létu sér þar fátt um finnast og enn aðrir gerðu hreinlega grín að, en þetta er jafnan áhættan hjá þeim listamönnum er feta ótroðnar slóðir og vilja með list sinni vera aflvakar og boðberar hvað sem það kostar. — Einn þeirra er vissulega Guðmundur Guðmundsson — Erró.

Bragi Ásgeirsson.